

# Umsögn um tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða.

Aníta Ólöf Jónsdóttir [anita\_jons@hotmail.com]

Sent: 7. maí 2012 21:55

Viðtakandi: Nefndasvið umsagnir

Alþingi  
Erindi nr. P 140/2337  
komudagur 7.5.2012

Góðan dag

Ég, Aníta Ólöf Jónsdóttir, 221285-2479, geri alvarlegar athugasemdir við að jarðhitasvæðið við Sveifluháls í Reykjanesfólkvangi sé sett í nýtingarflokk í Rammaátælnun og tel því betur borgið í verndarflokki. Þetta svæði er í næsta nágrenni höfuðborgarinnar sem almenningur og ferðamenn geta notið með lítilli fyrirhöfn. Þess má geta að um 120 þúsund ferðamenn komu á svæðið síðasta sumar. Sömuleiðis ættu Eldvörp skilyrðislaust að fara í verndarflokk. Þar liggja gamlar þjóðleiðir sem í dag eru vinsælar gönguleiðir. Auk þess ætti ekki að hrófla við umhverfi gígaraðarinnar sjálfar sem er einstakt jarðfræðilegt fyrirbæri, sambærilegt við Lakagíga.

Einnig tel ég að virkjanir í Þjórsá fyrir neðan Búrfell eigi ekki rétt á sér og svæðið ætti að fara í verndarflokk. Svæði sem nú eru rennandi vatn verður breytt í lón. Við þá breytingu tapast uppeldissvæði fyrir laxa og urriðaseiði. Eins og Orri Vigfússon, formaður NASF bendir réttilega á, þá á stærsti villti laxastofn á Íslandi heimkynni í Þjórsá og ekki er það að furða þar sem áin er lengsta vatnsfall á Íslandi með einu fjölskrúðugusta vistkerfi íslenskra fljóta. Hann nefnir líka að þessi einstaki stofn getur minnkað um 80-90% með virkjun á þessu svæði.

Mikilvægar varpstöðvar fugla eru á svæðinu og þær munu án efa glatast ef af virkjun verður þar sem varpstöðvar færur undir lón. Suðurlandsundirlendi er mikilvægt varpsvæði á heimsvísu fyrir okkar helstu mófugla og gæsir. Það eru sex tegundir á valista á svæðinu sem áætlað er að virkja, þær eru grágæs, straumönd, gulönd, hrafn, svartbakur og rjúpa.

Eins og þetta sé ekki nóg þá er eini náttúrulegi birkiskógurinn á svæðinu í Minnanúpshólma, öðru nafni Viðey sem er mjög mikilvæg því hún sýnir hvernig gróðurfar var hér fyrir á öldum eða við landnám. Með Hvammsvirkjun opnast eyjan fyrir ágangi búfjár og verður þessi dýrmæti birkiskógur þá í hættu.

Að mínu mati finnst mér Búlandsvirkjun, Hólmsárvirkjun við Einhyming og Hólmsárvirkjun neðri við Atley eigi ekki rétt á sér og ættu bæði Hólmsá og Skaftá að fara í verndarflokk því þær sjálfar og umhverfið í kring er sannkallaður ævintýraheimur. Mikill birkiskógur færi undir lón og það eitt ætti að vera nóg til að vernda svæðið því skógar frá náttúrunnar hendi á Íslandi eru fágætir og ber okkur að standa vörð um þá, bæði vegna mikilvægi þeirra fyrir líffræðilega fjölbreytni og til rannsókna.

Mikið af beitarlandi Skaftártungumanni færi undir lón og er landbúnaður ein grundvallastoð fyrir byggð í Skaftártungu. Ungt fólk sækir í að búa í þessari fallegu sveit en ekki er það til að ýta undir áhuga þeirra að kaffæra góðum beitarlöndum sem hafa nýst í örófi alda og verða vonandi nýtt áfram með sjálfbærum hætti í framtíðinni. Sveitir landsins fæða landsmenn og mun vægi hreinna afurða, svo sem lambakjöts og ómetanlegu mjólkurvara okkar einungis aukast í framtíðinni.

Svæðið býður uppá marga möguleika og er ferðaþjónusta einn af þeim, þar sem Vatnajökulspjóðgarður er í nánasta umhverfi. Fólk fer frekar að skoða náttúrulega birkiskóga og fallega fossa en steinsteypu og byggingar því eitt er víst að það er nóg til af þeim í heiminum, ekki er hægt að segja það sama um Íslenska birkiskógin og vistkerfi hans sem er einstakur á heimsvísu.

Ég læt þetta duga þó svo að hægt væri að fjalla meiri um gildi og mikilvægi náttúrunnar á þessum svæðum og fleirum. Það erum við, fólk í landinu, sem þurfum að standa vörð um náttúruauðlindir landsins svo komandi kynslóðir njóti sömu forréttinda og við að geta upplifað óspillta náttúru sem er einstök. Við eru skyldug, ekki bara fyrir komandi kynslóðir Íslendinga heldur þurfum við að huga að því að óspillt náttúra og víðerni hafa gífurlegt gildi á heimsvísu þar sem þeim svæðum fer ört fækkandi! Margt annað er hægt að gera en að virkja náttúru Íslands, hún er t.d. innblástur fyrir

listamenn, rannsóknarefni fyrir vísindamenn og kennsluefni fyrir nemendur á öllum aldurstigum. Hér á vel við að hafa lokaorðin þau að gáfulegra er að virkja hausinn frekar en náttúru Íslands.

Virðingafyllst og með bestu kveðjum,

Aníta Ólöf Jónsdóttir,  
Náttúru- og umhverfisfræðingur, framhaldsskólakennari og náttúruverndarsinni.

Austvaðsholti 1b  
851 Hella